Fréttabréf

3.tbl. 2. árg.
30. september 2008

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN ALMANNAVARNADEILD

Ný almannavarnalög

Flugslysaæfing í Vestmannaeyjum

Sérfræðingaskipti

Áverkamat og bráðaflokkun

Hópslysaæfing Landspítalans

Flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar

Hekla

Upplýsingaskilti fyrir ferðamenn á hálendinu

Námskeið fyrir stjórnendur neyðaraðgerða

Þjónustumiðstöð vegna jarðskjálftans

Íbúafundur í Vík

Ný almannavarnalög

Þann 30. maí s.l. voru samþykkt frá Alþingi ný lög um almannavarnir. Þau tóku síðan formlega gildi þann 12. júní og eru númer 82/ 2008.

Lögin skerpa á því hlutverki almannavarna að undirbúa og skipuleggja ráðstafanir til að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum. Í þessum lögum eru margar nýjungar og má þar nefna skipan almannavarna- og öryggismálaráðs. Ráðið skal fjalla um ástand og horfur í almannavarna- og öryggismálum og marka stefnu stjórnvalda til þriggja ára í senn. Áfram munu starfa almannavarnanefndir í héraði sem móta stefnu og skipuleggja störf sín í samræmi við lögin. Aðgerða- og vettvangsstjórnir eru skilgreindar í lögum sem og hlutverk Samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar. Ábyrgð á gerð viðbragðsáætlana og skipan rannsóknarnefndar almannavarna eru einnig á meðal nýjunga. Segja má að í þessum nýju lögum endurspeglist einkunnarorð almannavarnadeildarinnar sem eru „Almannavarnir - allra ábyrgð“. Í haust er stefnt að fundum með öllum almannavarnanefndum með það að markmiði að fara yfir lögin og áhrif þeirra á störf nefndanna.

Flugslysaæfing í Vestmannaeyjum

S.l. vetur var flugslysaáætlun Vestmannaeyjaflugvallar endurskoðuð og yfirfarin. Gerðar voru nokkrar breytingar á áætluninni og hún æfð í apríl. Allir viðbragsaðilar í Vestmannaeyjum tóku þátt í æfingunni og þótti hún takast mjög vel. Farið var með þolendur í gegnum allt kerfið frá slysstað og inn á sjúkrahúsið í Eyjum. Í þessari æfingu var í fyrsta skipti allt stjórnkerfið tengt TETRA fjarskiptakerfinu, sem gerði það að verkum að allar upplýsingar bárust mun hraðar og betur milli allra aðila. Það varð til þess að draga úr álagi á ýmsar stjórnunareiningar (VST, AST og SST) þar sem þær gátu fylgst vel öllu sem var að gerast og þurftu því ekki eins mikið að leita upplýsinga um stöðu mála. Var oft hægt að udirbúa aðstoð eða skipuleggja hana áður en beiðni barst þar sem hægt var að fylgjast með þróun æfingarinnar á öllum stöðum í gegnum i TETRA fjarskiptakerfið. Fyrir viðbragðsaðila er þetta mjög spennandi þróun þar sem þetta mun auðvelda þeim störfin og ekki síst vera til hagsbóta fyrir þolendur.

Vettvangsstjórn að störfum á æfingunni.
Ljósm. Rögnvaldur Ólafsson

Sérfræðingaskipti.

Í vor var skipulögð ferð til Þýskalands til að heimsækja Technisches Hilfwerk (THW), sem eru sjálfboðaliðasamtök sem sinna ýmsum bjögunarverkefnum m.a. á vegum almannavarna. Ferðin var á vegum áætlunar almannavarna Evrópusambandsins um sérfræðingaskipti. Ferðin var fróðleg og tókst mjög vel. Nánari upplýsingar um áætlun ESB um sérfræðingaskipti má finna hér: http://www.exchangeofexperts.eu/

Útgefandi: Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans.
Fyrirspurnir: almannavanir@rls.is.

Ábyrgðarmaður: Víðir Reynisson.
Heimasíða: www.almannavarnir.is

Áverkamat og bráðaflokkun

Nú eru æfingaspjöld komin í dreifingu og stefnt er að því að bráðaflokkunarspjöld verði komin í farartæki allra viðbragðsaðila fyrir næstu áramót.

Æfingaspjöld hafa verið prentuð og fást hjá almannavarnadeildinnni. Vinsamlega hafið samband við Írisi ef æfing er á döfinni, iris@rls.is.

Námskeið fyrir leiðbeinendur heilbrigðisstarfsmanna verður haldið á Hótel Sögu í nóvember. Kennsluefni vegna bráðaflokkunar verður á heimasíðu almannavarnadeildarinnar www.almannavarnir.is undir heilbrigðismál.

Bráðaflokkunarspjöld
Ljósm. Rögnvaldur Ólafsson

Hópslysaæfing á Landspítala

Landspítali æfði viðbrögð við hópslysum þann 20. september og náði æfingin til Samhæfingarstöðvar. Áhöfn landlæknis í Stöðinni sem er mönnuð af starfsfólki Landspítala fékk góða reynslu og farið var yfir ýmis verkefni svo sem tengsl við sjúkrahúsið, skráningu úrlausna og verkaskiptingu. Áhöfn landlæknis mun hittast mánaðarlega í vetur og fara yfir þau verkefni sem tengjast starfsemi þeirra í Stöðinni.

Flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar

Flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar var uppfærð nú í september og voru gerðar ýmsar breytingar á henni. Stæðsta breytingin að þessu sinni fólst í uppfærslu í kjölfar sameiningar lögregluliða, þar sem lögreglan í Keflavík og lögreglan á Keflavíkurflugvelli urðu að einu liði. Í haust er fyrirhugað að vera með stóra skrifborðsæfingu sem lið í undirbúningi fyrir stóra flugslysaæfingu sem verður haldin í apríl 2009.

Hekla

Á síðustu áratugum, eða frá árinu 1970, hefur Hekla gosið á 8 til 10 ára fresti. Síðasta gos hófst 26. febrúar árið 2000 og stóð það í 11 daga. Gosin á síðustu árum hafa verið fremur lítil að umfangi og lítið eða ekkert tjón hlotist af þeim. Í gosunum 1947, 1980 og 2000 gaus á nær endilöngum hrygg Heklu.

Jarðvísindamenn hafa fylgst náið með Heklu á síðustu áratugum. Mælingar hafa sýnt að fjallið þenst út og hækkar áður en eldgos verða. Nokkur tími getur liðið frá því að þessari þenslu lýkur þar til gos hefst. Þessi tími hefur skipt vikum, mánuðum eða jafnvel einhverjum misserum. Mælingar á undanförnum misserum sýna að nú er staða fjallsins svipuð og hún var fyrir síðasta gos.

Rannsóknir jarðvísindamanna hafa einnig sýnt að skömmu áður en gos hefjast í Heklu verða jarðskjálftar í eða undir fjallinu sem hafa sérstök einkenni. Þessir skjálftar verða 30 til 80 mínútum áður en eldgos hefst. Jarðskjálftarnir eru því skammtímafyrirboðar eldgosa. Á þeim má byggja viðvörun um að eldgos sé að hefjast en fyrirvarinn er ekki nægilega langur til að vara megi þá við sem eru staddir á fjallinu.

Í sumar urðu nokkrar umræður um gönguferðir manna á tind Heklu. Við athugun lögreglunnar á Hvolsvelli og starfsmanna almannavarnadeildar kom í ljós að það er orðið fremur algengt að fólk gangi á fjallið sér til skemmtunar. Vísbendingar eru um að alla að 40 – 60 manns gangi á fjallið dag hvern yfir sumarmánuðina. Flestir þeir sem ganga á fjallið eru þar á eigin vegum, tveir til fjórir saman, en ekki í skipulögðum hópum. Algengasta gönguleiðin á fjallið er frá vegi sem liggur að gígnum Rauðuskál og Skjólkvíum og upp á fjallið eftir hrygg þess norðanfrá. Er þá gengið á löngum kafla eftir eða meðfram Heklugjá sem er sprunga sem ristir fjallið að endilöngu.

Þessar upplýsingar urðu forsvarsmönnum almannavarna í héraði, starfsmönnum almannavarnadeildar og jarðvísindamönnum tilefni til að þinga um hættuna af gönguferðum á Heklu. Rætt var um hvort ástæða væri til að banna mönnum ferðir á Heklu eða hvort ætti að láta nægja að upplýsa fólk um þá hættu sem stafaði af ferðum á fjallið. Niðurstaða umræðunnar varð sú að upplýsa ferðamenn um hættuna sem fólk setur sig í við ferðir á fjallið. Ætlunin er að setja upp skilti við þá staði sem fólk leggur helst frá til göngu á fjallið. Á skiltunum verða kort sem sýna gosstöðvarnar í síðustu fimm gosum og algengustu gönguleið á fjallið auk skýringartexta.

Upplýsingaskilti fyrir ferðamenn á hálendinu

Í sumar fóru starfsmenn almannavarnadeildarinnar í leiðangur upp á hálendið til að koma fyrir upplýsingaskiltum á gönguleiðir ferðamanna í nágrenni Kötlu. Ennfremur var veggspjöldum, upplýsingabæklingum og viðvörunarhljóðbombum komið fyrir í helstu fjallaskála í nágrenni Kötlu. Skálaverðir fengu síðan leiðbeiningar um þeirra þátt í viðbragði við eldgosi. Ferðin var farin í samvinnu við almannavarnanefnd Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Flugbjörgunarsveitin á Hellu var starfsmönnunum innan handar í ferðinni og aðstoðuðu við að koma skiltunum upp.

Uppsetning upplýsingaskiltis við Básá.
Ljósm. Arna Halldóra Rögnvaldsdóttir

Námskeið fyrir stjórnendur neyðaraðgerða

Almannavarnadeildin, Lögregluskólinn, Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Brunamálaskólinn hafa staðið fyrir samvinnuverkefni undanfarin ár varðandi menntun stjórnenda neyðaraðgerða. Haldin hafa verið 1-3 námskeið á ári allt eftir eftirspurn. S.l. vor var haldið námskeið í Reykjavík með þátttöku lögreglumanna, slökkviliðsmanna og björgunarveitarmanna víðs vegar að af landinu. Námskeiðið var í formi fyrirlestra ásamt skrifborðsæfingum og öðrum verkefnum og lauk námskeiðinu með prófi. Að þessu sinni var einnig verkleg vettvangsæfing í samvinnu við slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, björgunarsveitina Ársæl í Reykjavík, Hjálparsveit skáta í Kópavogi, björgunarsveitin Kyndill í Mosfellsbæ, björgunarsveitina Kjöl á Kjalarnesi, Björgunarsveit Hafnarfjarðar, Hjálparsveit skáta í Garðabæ, Hjálparsveit skáta í Reykjavík og Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík.

Sett var á svið flugslys þar sem nemar þurftu sjálfir að skipuleggja vettvang og stýra björgunaraðgerðum í samræmi við það þá kennslu sem var á námskeiðinu.



Áverkamat þolenda í söfnunarsvæði slassaðra sem var sett upp á vettvangi.
Ljósm. Rögnvaldur Ólafsson

Þjónustumiðstöð vegna jarðskjálftans

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi var þjónustumiðstöð vegna jarðskjálftans 29. maí s.l. sett á fót með stoð í nýjum lögum um almannavarnir og að tilhlutan ríkisstjórnarinnar undir forræði dómsmálaráðuneytis, sem síðan fól ríkislögreglustjóranum og almannavarnardeild að annast framkvæmdir. Ólafur Örn Haraldsson var ráðinn verkefnastjóri og hefur þjónustumiðstöðin verið í Tryggvaskála á Selfossi. Þar hefur verið opið hús, móttaka umkvartana, veittar upplýsingar, leiðbeiningar og aðstoð við úrlausn mála. Frá opnun þjónustumiðstöðvarinnar hefur mörg hundruð erindum hefur verið sinnt, þau leyst eða komið til úrlausnar hjá öðrum.

Í þjónustumiðstöðinni hefur verið tekið á móti skráningu á tjónum, sem lenda utan hins hefðbundna tryggingakerfis og eru þau erindi síðan lögð fyrir hóp ráðuneytisstjóra og sveitarstjóra. Þjónustumiðstöðin tók þátt í fyrstu viðbrögðum fagaðila og hefur aðstoðað við samhæfingu sveitarfélaga og greitt fyrir tengslum þeirra við ráðuneyti og ríkisstofnanir. Einnig hefur þjónustumiðstöðin tekið þátt í samhæfingu á verkefnum ýmissa aðila á svæðinu s.s. sveitarfélaga, stofnana og félagasamtaka í málum sem tengjast jarðskjálftanum.

Starfið í þjónustumiðstöðinni hefur sannað gildi sitt, fyrst og fremst í þjónustu við almenna borgara og sem samræmingar- og milligönguaðili. Margir hafa komið að þeirri vinnu og unnið gott starf. Má þar nefna ýmsar fagstofnanir, viðbragðsaðila og sjálfboðaliðasamtök, almannavarnanefndir og starfsmenn sveitarfélaga. Almennir borgarar og félagasamtök hafa viljað láta gott af sér leiða og hefur það m.a. birtst í verkefnum Lions hreyfingarinnar sem leggur 10 þúsund dollara til sálræns stuðning við aldraða á jarðskjálftasvæðinu og Kiwanis hreyfingarinnar sem leggur til eina milljón króna til verkefnis í samvinnu við Rauða kross Íslands og grunnskóla um fræðslu og viðbrögð við jarðskjálftum fyrir börn og unglinga.

Þjónustumiðstöð vegna jarðskjálftans í Tryggvaskála.
Ljósm. Rögnvaldur Ólafsson

Íbúafundur í Vík í Mýrdal

Um miðjan ágúst var haldinn íbúafundur í grunnskólanum í Vík í Mýrdal. Markmiðið með fundinum var að kynna niðurstöður rannsókna VOLUME verkefnahópsins á Kötlu og Eyjafjallajökli. Almannavarnir kynntu einnig viðbragðsáætlanir og skipulag í héraði. Vísindamenn á Íslandi eru þátttakendur í Evrópusambandsverkefninu VOLUME sem leggur stund á rannsóknir á kvikuhreyfingum í eldfjöllum. Chris Bean frá Írlandi fjallaði um erfiðleikana við að spá um hegðun eldfjalla og hvenær þau gjósa. Nauðsynlegt er að horfa heildstætt á eldfjallakerfin og sameina ólíkar greinar vísindanna til að skilja þessi ferli betur. Á Íslandi eru það Katla og Eyjafjallajökull sem verið er að rannsaka í þessu samhengi. Kristín S. Vogfjörð, Veðurstofu Íslands, kynnti niðurstöður jarðskjálftamælinga og Freysteinn Sigmundsson frá Norræna eldfjallasetrinu fjallaði um niðurstöður jarðskorpuhreyfinga. Þá kynnti Kjartan Þorkelsson skipulag, viðbúnað og viðbrögð í héraði, sérstaklega með tilliti til eldgoss í Kötlu og Eyjafjallajökli.